

17. febrúar 2021.

Sveitarstjórn Dalabyggðar.

Málsnr.: 2102025
Dalabyggð Málaskrá

19. FEB. 2021

Bréfalykill: 08.03.01

Gjaldskrá fyrir söfnun og eyðingu dýraleifa í Dalabyggð.

Undirritaður lýsir hér með óánægju sinni með gjaldskrá fyrir söfnun og eyðingu dýraleifa í Dalabyggð sem samþykkt var af sveitarstjórn 10. desember 2020.

Þessi gjaldskrá mismunar búfjáreigendum í Dalabyggð þannig að ekki verður við unað. Eins og kom fram í kvörtun minni í fyrra er það óásættanlegt að búfjáreigendur með tiltölulega fátt búfé greiði sama gjald og þeir sem eiga fjölda búfjár.

Þar sem sveitarfélagið notar tölur um fjölda búfjár frá Matvælastofnun til að flokka búfjáreigendur eftir gildandi gjaldskrá, hlýtur það að vera einfalt mál að nota þær tölur og reikna gjaldið eftir búfjáreign hvers og eins.

Það er því krafa mín að sveitarstjórn bregðist við þessu óréttlæti og breyti gjaldskránni á þann veg að hver og einn búfjáreigandi greiði í samræmi við búfjáreign sína.

Virðingarfyllst,

Ástvaldur Elísson

Ástvaldur Elísson

Hofakri.